

Miðvikudaginn 14. desember 1949.

Nr. 31/1944. **Jón Dúason** (Sigurður Ólason)

gegn

Leifi Þorleifssyni og Eiríki Leifssyni

(Ólafur Þorgrímsson).

Skuldamál. Fyrning kröfu. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1944, krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu d. kr. 11.628.30 með 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1936 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu, sem fengið hafa nóvaleyfi í málinu, krefjast *aðallega* sýknu af öllum dómkröfum áfrýjanda, *til vara*, að stefndi Eiríkur Leifsson verði sýknaður af kröfum áfrýjanda, en kröfur á hendur stefnda Leifi Þorleifssyni verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefjast stefndu og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta hefur áfrýjandi höfðað á hendur stefndu til greiðslu tveggja víxilfjárhæða. Var annar víxillinn að fjárhæð d. kr. 2628.30, samþykktur af stefnda Leifi Þorleifssyni, með gjalddaga 3. jan. 1927, en hinn að fjárhæð d. kr. 9000.00, samþykktur af báðum hinum stefndu, með gjalddaga 6. okt. 1927. Víxlar þessir voru hinn 10. des. 1927 afhentir til innheimtu málflutningsskrifstofu Guðmundar Ólafssonar og Péturs Magnússonar hér í bæ af Íslandsbanka f. h. Privatbanken í Kaupmannahöfn. Í skilagrein nefndrar málflutningsskrifstofu fyrir innheimtum þessum, dags. 26. okt. 1933, kemur fram, að skrifstofan reiknar sér á árinu 1928 innheimtulaun af fyrirtalda víxlinum, að fjárhæð d. kr. 2628.30, og þar sést einnig, að skrifstofan hafði þá greitt Privatbanken hærri fjárhæð en þessari víxilupphæð nemur. Þegar til þessa er litið svo og þess, að áfrýjandi hefur eigi lagt fram frumrit víxils þessa í málinu, þykir verða við það að miða, að víxill þessi sé greiddur, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af þessum hluta kröfu áfrýjanda.

Síðartaldi víxillinn, að fjárhæð d. kr. 9000.00, féll í gjald-

daga 6. okt 1927. Víxilkröfu þessari var lýst í þrotabú stefnda Leifs Þorleifssonar, en skiptum á búi þessu lauk hinn 9. marz 1936, án þess að nokkuð greiddist upp í kröfuna. Krafa þessi var því ekki fyrnd gagnvart stefnda Leifi Þorleifssyni, er mál þetta var höfðað hinn 12. nóv. 1940. Hins vegar verður ekki séð af gögnum málsins, að varnað hafi verið fyrningu gagnvart stefnda Eiríki Leifssyni, og ber því að sýkna hann einnig af þessum hluta kröfu áfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður, að því er hann varðar.

Málflutningsskrifstofa Guðmundar Ólafssonar og Péturs Magnússonar hafði auk framantalinna víxilfjárhæða aðrar kröfur til innheimtu fyrir áfrýjanda á hendur stefndu, og námu þær að fjárhæð alls d. kr. 8196.71. Samkvæmt skýrslu áfrýjanda hefur skrifstofan á árunum 1928—1933 greitt honum samtals d. kr. 4165.18 upp í þær kröfur, er skrifstofan hafði til innheimtu á stefnda, eða d. kr. 1536.88 umfram fjárhæð lægri víxilsins.

Af hálfu skuldara var ekki tekið fram, að greiðslur þeirra skyldu ganga til lúkningar sérstökum kröfum áfrýjanda, og ekki hefur áfrýjandi heldur, svo að séð verði, fyrr en í máli þessu gefið stefndu til kynna, að hann tæki fjárhæðir þessar frekar til greiðslu einni kröfu hans en annarri. Að svo vöxnu máli og þar sem ekki er vitað um stofntíma hinna einstöku krafna, þykja greiðslur þessar eiga að ganga hlutfallslega til lúkningar 9000 króna víxilkröfunni og öðrum kröfum áfrýjanda, d. kr. 8196.71. Þessar fjárkröfur námu að viðbættum vöxtum, en að frádregnum áðurnefndum d. kr. 1536.88, samtals d. kr. 23.798.09 við skiptalok í búi Leifs Þorleifssonar hinn 9. marz 1936, þar af víxilkrafan með vöxtum d. kr. 12.454.87, en aðrar kröfur með vöxtum d. kr. 11.343.22.

Áfrýjandi höfðaði mál til greiðslu fébóta úr hendi framangreindrar málflutningsskrifstofu vegna mistaka á innheimtu krafna þessara. Því máli lauk með dómi Hæstaréttar 28. júní 1943, og voru áfrýjanda þar dæmdar ísl. kr. 12.000.00 í fébætur. Þá fjárhæð fékk áfrýjandi greidda hinn 28. júní 1945 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. október 1937, en höfuðstóllinn svaraði til d. kr. 9540.50, miðað við gengi á greiðsludegi.

Þessum höfuðstól þykir einnig bera að skipta hlutfallslega milli víxilfjárhæðarinnar og annarra krafna. Koma þá d. kr. 4993.08 til frádráttar víxilskuldinni, d. kr. 12.454.87, og eru þá ógreiddar d. kr. 7461.79, sem stefnda Leifi Þorleifssyni ber að greiða áfrýjanda ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1936 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi Leifur Þorleifsson greiði áfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsuppsaga í máli þessu í héraði hefur dregizt frá 2. september til 30. desember 1943. Er sá dráttur ekki nægjanlega réttlættur né heldur dráttur sá af hendi málflytjenda, sem orðið hefur hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Stefndi Eiríkur Leifsson skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Dúasonar, í máli þessu, en málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður, að því er hann varðar.

Stefndi Leifur Þorleifsson greiði áfrýjanda d. kr. 7461.79 með 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1936 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Áfrýjandi þessa máls rak um nokkurra ára skeið verzlunarumsýslu í Kaupmannahöfn. Á árinu 1924 hófust samskipti hans og stefndu, þau sem mál þetta er af risið. Gerðist áfrýjandi umsýslumaður þeirra í verzlun, aflaði varnings handa verzlun þeirra og innti af hendi forgreiðslu fyrir hann. Stefndu vanefndu mjög samninga sína við áfrýjanda og stóðu ekki í skilum við hann. Fól áfrýjandi því málflutningsmönnum á árinu 1927 að sækja stefndu til greiðslu skuldar þeirra við hann, en hún nam þá um d. kr. 20.000.00 og fór stöðugt hækkandi. Innheimta þessi mistókst að miklu

leyti. Hafa áfrýjanda hinn 28. júní 1943 verið dæmdar kr. 12.000.00 ásamt 5% vöxtum frá 21. október 1937 til greiðsludags í skaðabætur úr hendi málflutningsmannanna, þar sem þeir þóttu ekki hafa gengið nógu rösklega að stefndu á árunum 1927—1933, meðan þeir voru gjaldfærir að einhverju leyti. Stefndi Leifur Þorleifsson varð gjaldþrota hinn 16. júní 1934. Lýsti áfrýjandi kröfum í bú hans, að fjárhæð kr. 53.953.98. Gjaldþrotaskiptum í búi hans lauk hinn 9. marz 1936, og reyndust engir fjármunir í búinu til greiðslu á kröfum áfrýjanda, en þær kröfur héldust í gildi gagnvart stefnda Leifi persónulega samkvæmt 38. gr. laga nr. 25/1929, um gjaldþrotaskipti, þar sem segir, að þrotamaður beri ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, 10 ár eftir að skiptum lýkur.

Það mál, sem hér er til úrlausnar, var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 7. jan. 1941, en sáttakæra var gefin út 12. nóv. 1940. Eru kröfur áfrýjanda hér fyrir dómi þær, að stefndu verði dæmt að greiða honum fjárhæð tveggja víxla, annars d. kr. 2628.30 og hins d. kr. 9000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1936 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í atkvæði meiri hluta dómenda, þykir ljóst af gögnum málsins, að annar víxillinn, að fjárhæð kr. 2628.30, er samþykktur var af stefnda Leifi Þorleifssyni, hefur verið greiddur 1928. Ber því að sýkna stefndu af þessum kröfulið.

Hinn víxillinn var að fjárhæð d. kr. 9000.00. Var hann samþykktur af báðum aðiljum og féll í gjalddaga hinn 6. október 1927, en var afsagður sökum greiðslufalls hinn 10. s. m. Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi verður að ætla, að víxildómur til greiðslu hans hafi ekki gengið á hendur stefndu, og er því víxilrétturinn fyrir löngu fallinn niður vegna vangeymslu. Krafa áfrýjanda á hendur stefnda Eiríki Leifssyni samkvæmt 74. gr. víxillaga nr. 93/1933 til greiðslu hagnaðar, er hann hefur hlotið vegna niðurfalls víxilréttar, telst fyrnd, þar sem ekki er sýnt, að henni hafi

verið haldið við lýði. Ber því einnig að sýkna stefnda Eirík Leifsson af þessum kröfulið, og þykir rétt, að málskostnaður í hans sök falli niður. Öðru máli gegnir í þessu efni um stefnda Leif Þorleifsson. Ágreiningslaust er, að áfrýjandi lýsti kröfu samkvæmt 74. gr. víxillaga vegna víxils þessa ásamt öðrum kröfum í þrotabú stefnda Leifs, og voru hinar lýstu kröfur ófyrndar við höfðun máls þessa samkvæmt 38. gr. laga nr. 25/ 1929. Samkvæmt óvæfengdum reikningum, sem lagðir hafa verið fram í málinu, námu gildar lýstar kröfur áfrýjanda í þrotabú stefnda Leifs hærri fjárhæð en dómkrafa áfrýjanda í máli þessu, eftir að frá þeim hefur verið dregin fjárhæð sú, sem áfrýjanda var dæmd úr hendi nefndra málflutningsmanna, svo og þær kr. 1536.88, sem stefndu hafa á sínum tíma greitt áfrýjanda upp í viðskipti aðilja umfram áðurnefndan 2628.30 króna víxil. Það verður ekki séð, að eðli máls, lagarök eða nokkur sanngirni mæli með því að veita stefnda Leifi heimild að kveða á um það, hverjar af skuldum hans við áfrýjanda skuli taldar greiddar með bótafé því, sem málflutningsmennirnir inntu af hendi til áfrýjanda. Hefur og ekkert fram komið, er bendi til þess, að stefndi Leifur hafi endurgreitt málflutningsmönnunum þessa fjárhæð. Þá eru og ekki heldur efni til þess, eins og á stendur, að veita stefnda Leifi frádrátt á dómkröfunni vegna greiðslu hans á kr. 1536.88, er áfrýjandi hefur notað til lúkningar á öðrum skuldum stefndu við hann, þar sem stefndi Leifur gerði á sínum tíma engan fyrirvara um það, upp í hvaða skuld hans við áfrýjanda þessi greiðsla hans ætti að ganga, og slíkur frádráttur mundi, eins og nú er komið, einungis leiða til þess, að stefndi Leifur slyppi við að greiða lögmæta skuld, en áfrýjandi yrði fyrir fjártjóni að sama skapi.

Niðurstaðan er því sú, að dæma beri stefnda Leif Þorleifsson til að greiða áfrýjanda d. kr. 9000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1936 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Samkvæmt framanrituðu ætti dómsorðið að hljóða svo: Stefndi Eiríkur Leifsson á að vera sýkn af kröfum áfrýj-

anda, Jóns Dúasonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður í þeirri sök niður.

Stefndi Leifur Þorleifsson greiði áfrýjanda, Jóni Dúasyni, d. kr. 9000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1936 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. sept. sl., hefur Jón Dúason hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausu sáttaumleitun með stefnu, út gefinni 7. janúar 1941, gegn þeim Leifi Þorleifssyni og Eiríki Leifssyni, báðum hér í bænum, og lýst svo kröfum sínum í stefnunni, að stefnt sé „til greiðslu á tveim víxilupphæðum, annarri d. kr. 2628.30 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga, 3/1 1927, og hinni d. kr. 9000.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga, 6/10 1927, hvort tveggja til greiðsludags, 10% af hvorri tveggja skuldinni í innheimtulaun svo og allan málskostnað eftir mati dómarans.“

Stefndir hafa hvorki sótt þing né sækja látið, þótt þeim sé löglega stefnt. Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber þá að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Hinn 11. október 1927 skulduðu stefndir í máli þessu firmanu Strandvold & Dúason í Kaupmannahöfn d. kr. 19.825.01, en stefnandi var þá annar aðaleigandi hins danska fyrirtækis og virðist hafa eignast skuld þessa einn. Um sama leyti sendi stefnandi kröfur sínar til innheimtu málflutningsskrifstofu Péturs Magnússonar og Guðmundar Ólafssonar, hæstaréttarmálflutningsmanna hér í bænum. Lauk þeim skiptum svo, að lítið eitt var greitt upp í kröfur stefnanda. Síðari hluta árs 1937 höfðaði hann skaðabótamál á hendur eigendum greindrar málflutningsskrifstofu, og kom fram í því máli, að hann taldi kröfur sínar fyrndar og glataðar á hendur stefndum fyrir þann drátt, er orðið hafði á innheimtutilraunum. Skaðabótamáli þessu lauk svo í Hæstarétti, að með dómi hans 28. júní sl. voru stefnanda dæmdar kr. 12.000.00 bætur úr hendi eignaða innheimtustofnunarinnar. Í dómi Hæstaréttar eru skuldir stefndra í máli þessu við stefnanda flokkaðar í víxilkröfur og kröfur, sem að einhverju leyti voru véfengdar, og verður dómurinn ekki öðruvísi skilinn en stefnanda hafi þar verið dæmdar sem næst fullar bætur fyrir víxilkröfurnar. Nú er það ljóst af skjölum máls þessa, að víxilskuldir þær, er málið er af risið, eru hinar sömu sem greindur hæstaréttardómur tekur til, og er málssókn þessi því ekki samrýmanleg skaðabótamáli stefnanda á hendur eigendum áðurnefndrar málflutningsskrifstofu. Samkvæmt framansögðu ber að sýkna báða stefndu af kröfum stefnanda, en málskostnaður fellur niður.

Kristján Kristjánsson, settur lögmaður, hefur kveðið upp dóm þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af óvenjulega miklum embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Leifur Þorleifsson og Eiríkur Leifsson, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Dúasonar, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 16. desember 1949.

Nr. 92/1946. **Þorbjörn Guðbrandsson** (Guttormur Erlendsson)
 gegn
Ögmundi Jónssyni og gagnsök
 (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Landamerkjамál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1946 og gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dóms-
 álagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. ágúst 1946. Hann krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu dóms af nýju, en *til vara*, að héraðsdómurinn verði staðfestur, að því er varðar ákvörðun landamerkja. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa dómkvaddir menn gert nákvæman uppdrátt af landi því, sem um er að tefla.

Eins og nánar er rakið í héraðsdómi, seldi Eiríkur Einars-
 son alþingismaður á árinu 1938 fjórum aðiljum lendur úr landi Sölvaholts og Glóru í Hraungerðishreppi. Samkvæmt